



USK24010019

Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2024, mánudaginn 9. desember kl. 12.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 29. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð Lykkja. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Bjarni Rúnar Ingvarsson
Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga – bann við akstri vélknúinna ökutækja

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á bryggju við Naustabryggju

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 12.03
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 6. desember 2024
USK24010001

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á bryggju við Naustabryggju

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Þegar Bryggjuhverfið var byggt á sínum tíma var útbúin akstursleið fyrir viðbragðsaðila frá hringtorgi við Naustabryggju 57, út á bryggjuna og að bílastæði við Tangarbryggju 12-14. Sett var upp umferðarmerki í formi undirmerkis sem upplýsir að þessi leið sé einungis aðkoma neyðarbíla. Það hefur hins vegar borið á því að ökutækjum sé ekið þessa leið og þeim jafnvel lagt þar. Þessi ráðstöfun er því talin nauðsynleg til að tryggja öryggi á svæðinu sem og að tryggja framgang viðbragðsaðila.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðum umferðarmerkjum og bannsvæði



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðum umferðamerkjum og bannsvæði